

Ríkissaksóknari
Hverfisgötu 6, 150 Reykjavík
Bréfsími: 530 1606. Netfang: rsak@tmd.is

Afrit: Umboðsmaður Alþingis. Fax: 510 6701. Netfang: postur@umb.althingi.is
Lögreglustjórinn í Reykjavík. Fax: 444 1015. Netfang: hj@lrh.is
Sýslumaðurinn á Ísafirði. Fax: 456 4795. Netfang: isafjordur@syslumenn.is
Ríkislögreglustjórinn. Fax: 444 2501. Netfang: haraldur.johannessen@rls.is
Dóms og kirkjumálaráðuneytið. Fax: 552 7340. Netfang: postur@dkm.stjr.is

Kæra: Þróun ofbeldis í skjóli aðgerðaleysis lögreglu Ísland gæti þróast í miðstöð alþjóðlegra hryðjuverka

Fyrir jólin sendi undirritaður fjórar kærur til Lögreglustjórans í Reykjavík og Sýslumannsins á Ísafirði vegna ærumeiðandi ummæla og ofbeldishvatninga sem birtust á vefnum dv.is og vefnum malefnin.com en báðum vefsíðum er haldið úti af DV.

Á þessum vef hafa birst beinar ofbeldishvatningar gegn undirrituðum og fólk m.a. hvatt til að henda stólum í undirritaðan mæti hann á fundi til þátttöku í þjóðfélagssumræðu. Þá er fólk hvatt til ofbeldis gegn stjórnámálönnum almennt með því að henda í þá skóm, og má skilja að hér sé átt við alþingismenn og ráðherra valdstjórnarinnar.

Undirritaður vakti athygli lögreglu á því í fjórðu kærinni þann 23. desember s.l., hvaða afleiðingar slíkar ofbeldishótanir geta haft í þjóðfélagi sem á í vök að verjast með þúsundir fórnarlamba vegna nýlegs bankahruns. M.a. var þetta sagt í kærinni:

„Að kasta skóm hefur verið stundað í Mið Austurlöndum þegar menn vilja sýna fyrirleitningu á einhverri persónu. Þaðan styttist fljótt leiðin í harðari ofbeldisverk. Ef lögregla leyfir með sinnuleysi slíkum háttum að grafa um sig á Íslandi mun þjóðfélag okkar fljótlegra þróast í stjórnlausu og ofbeldisfulla upplausn. Ekkert okkar vill sjá hér blóðug stríð eins og við gjarnan horfum á í sjónvarpi frá Mið Austurlöndum. Slíkir bardagar manna á meðal eru þróun sem getur hæglega byrjað með fyrsta skókastinu.“

Bent var á í kærinni að lögreglu bæri skylda að bregðast skjótt við og loka umræddum vefsvæðum. Það var hinsvegar ekki gert og ofbeldishvatningum leyft að grassera yfir hátíðarnar. Hópur ungs fólks tók þetta á orðinu og útfærði ofbeldið á gamlársdag m.a. með því að kasta múrstein í lögreglumann sem lá slasaður eftir.

Undirritaður hefur áhyggjur af því ef nafnlausar ritrottur fá óheftan aðgang að hvetja okkar friðsömu þjóð til ofbeldisverka. Hætt er við að mörg alþjóðleg hryðjuverkasamtök yrðu fljót að sjá tækifæri hér í slíkri þróun og Íslandi yrði fljótlegra heimili hryðjuverka. Hér gætu risið netþjónabú hryðjuverkasamtaka að fyrirmynd DV-malefnin.com.

Undirritaður skrifar ábyrgð af uppákomunni á Hótel Borg á gamlársdag á aðgerðaleysi Lögreglustjórans í Reykjavík. Embættið á að senda ofbeldismönnum skýr skilaboð með því að loka hryðjuverkavefnum og biðja þjóðina afsökunar á aðgerðaleysi sínu.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem framganga Lögreglustjórans í Reykjavík er með endemum. Þannig var það einnig þegar stjórnarskrá var brotin á undirrituðum fyrir ári síðan er fyrirverandi formaður yfirkjörstjórnar Reykjavík Norður kom fram á skjá Stöðvar2 og sagði undirritaðann „**naudga lýðræðinu**“ ef hann gerðist þátttakandi í framboði gegn sitjandi forseta. Lögreglustjórinn í Reykjavík sat á kærnu undirritaðs í marga mánuði og svaraði svo til að ekkert ólöglegt væri við þessa yfirlýsingu en neitaði að útskýra fyrir undirrituðu hvernig sú niðurstaða hefði fengist hjá embættinu.

Virðingarfyllt,

Ástþór Magnússon Wium – thor@peace2000.org Sími: 4962002



Peace 2000 Institute
Vogasel 1
109 Reykjavik
ICELAND
Tel: +354 5571000
Fax: +1 801 740 3532

Email:
info@peace2000.org
website:
www.peace2000.org

UNITED KINGDOM:
Peace 2000 UK
Lloyds Building
12 Leadenhall Street
London EC3V 1LP
United Kingdom
Tel: +44 207 100 8638

USA:
Earthchild
3914 Seaton Place
Las Vegas
NV 89121
Tel: +1 702 520 9990

Certification Services:
www.peacetrust.net

Founded 1995 by
more than 100 member
organisations world-wide
Constituted in Iceland
No. 540795-2669



FLYING THE WORLD FOR PEACE

The Peace 2000 Alliance is a network of independent representatives supporting the global work of Peace 2000.
International Secretariat: Peace 2000 Institute - 121 Reykjavik - ICELAND.